

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-september 2011**

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2011 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 67,4 ma.kr. en var neikvætt um 73,6 ma.kr. á sama tímabili 2010. Tekjur drógust saman um 12,0 ma.kr. en á sama tíma drógust gjöldin saman um 0,6 ma.kr. milli ára. Þetta er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir í áætlunum.

**Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-september 2011 (m.kr.)**

	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>
Innheimtar tekjur	320.820	332.406	307.114	335.831	323.818
Greidd gjöld	268.624	318.569	384.412	392.127	391.484
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>52.196</b>	<b>13.837</b>	<b>-77.298</b>	<b>-56.296</b>	<b>-67.666</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-4.611	5.363	-11.390	-17.311	260
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>48.584</b>	<b>19.200</b>	<b>-88.688</b>	<b>-73.607</b>	<b>-67.406</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>-66.480</b>	<b>8.540</b>	<b>11.826</b>	<b>-31.934</b>	<b>65.752</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-17.896</b>	<b>27.740</b>	<b>-76.862</b>	<b>-105.541</b>	<b>-1.654</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-33.483</b>	<b>-45.486</b>	<b>-99.096</b>	<b>-140.743</b>	<b>-143.734</b>
Innanlands	-22.251	-30.019	-72.747	-72.837	-56.213
Erlendis	-11.232	-15.467	-26.349	-67.906	-87.521
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-2.970</b>	<b>-2.970</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-54.349</b>	<b>-20.716</b>	<b>-175.958</b>	<b>-246.284</b>	<b>-145.734</b>
<b>Lántökur</b>	<b>58.453</b>	<b>208.397</b>	<b>158.396</b>	<b>291.069</b>	<b>209.982</b>
Innanlands	58.277	101.710	150.945	159.408	85.538
Erlendis	176	106.687	7.451	131.661	124.444
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>4.105</b>	<b>187.681</b>	<b>-17.562</b>	<b>44.785</b>	<b>64.594</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 323,8 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og drógust saman um 3,9% miðað við sama tímabil á síðasta ári. Þar munar mest um lægri tekjur af sölu eigna en þær námu 657 m.kr. á tímabilinu samanborið við 19,6 ma.kr. á sama tíma í fyrra vegna Avens-samkomulagsins svonefnda. Ef litið er framhjá tekjum af sölu eigna jókst innheimtan um 1,8% á milli ára. Í tekjuáætlun fjárlaga var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs yrðu 317,7 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og er innheimta tímabilsins því 6,1 ma.kr. eða 1,9% yfir áætlun.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 2,7% á milli ára og námu 300,9 ma.kr. sem er 3,8% yfir áætlun fjárlaga. Þar af jukust tekjur af tekjuskatti lögaðila mest eða um 24,9% og námu 11,1 ma.kr. sem er 10,7% yfir áætlun. Álagning tekjuskatts lögaðila 2011 liggur nú fyrir og í ljósi hennar hefur áætlun um tekjur af tekjuskatti lögaðila á árinu verið hækkuð um 2,2 ma.kr. (greiðslugrunnur). Tekjur af fjármagnstekjuskatti jukust um 6,0% á tímabilinu og

námu 27,3 ma.kr. sem er 23,0% yfir áætlun, en rétt er að taka fram að hluti þeirrar aukningar mun ganga til baka á móti auknum tekjuskatti lögaðila. Þá námu tekjur af tryggingagjaldi 48,6 ma.kr. á tímabilinu sem er 7,9% aukning á milli ára en nýlegir kjarasamningar hafa þar umtalsverð áhrif.

Tekjuskattur einstaklinga skilaði tekjum að fjárhæð 66,1 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og jókst þannig um 2,6% á milli ára sem er 5,4% hærrí fjárhæð en reiknað var með í tekjuáætlun. Samanlögð skil launagreiðenda á bæði tekjuskatti og útsvari jukust um 11,1% á milli ára á sama tíma og skatthlutfallið í staðgreiðslu hækkaði um 0,09 prósentustig. Aukninguna á milli ára má því að miklu leyti rekja til hækkunar tekjuskattstofnsins að krónutölu. Hér gætir einnig áhrifa nýlegra kjarasamninga en launahækkningar voru meiri en reiknað var með í tekjuáætlun fjárlaga. Eignarskattar námu 5,5 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og jukust um 16,1% á milli ára. Aukninga má að mestu rekja til meiri tekna af auðlegðarskatti en hann skilaði tæpum 2.5 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við rúma 1,3 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Tekjur af stimpilgjöldum jukust einnig lítillega á milli ára eða um 5,4% og námu tæplega 2,1 ma.kr. á tímabilinu.


### **Tekjur ríkissjóðs janúar-september 2009-2011**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>268 901</b>	<b>292 962</b>	<b>300 861</b>	<b>-10.8</b>	<b>8.9</b>	<b>2.7</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>110 034</b>	<b>99 049</b>	<b>104 509</b>	<b>-4.5</b>	<b>-10.0</b>	<b>5.5</b>
Tekjuskattur einstaklinga	59 046	64 409	66 107	-7.8	9.1	2.6
Tekjuskattur lögaðila	11 810	8 896	11 113	-39.7	-24.7	24.9
Skattur á fjármagnstekjur	39 178	25 744	27 290	24.0	-34.3	6.0
<b>Eignarskattar</b>	<b>3 573</b>	<b>4 778</b>	<b>5 548</b>	<b>-41.8</b>	<b>33.7</b>	<b>16.1</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>116 794</b>	<b>133 657</b>	<b>131 485</b>	<b>-17.3</b>	<b>14.4</b>	<b>-1.6</b>
Virðisaukaskattur	78 341	88 539	83 490	-20.9	13.0	-5.7
Vörugjöld af ökutækjum	1 469	1 161	1 995	-78.1	-20.9	71.8
Vörugjöld af bensíni	8 394	8 812	9 181	22.6	5.0	4.2
Skattar á olíu	5 406	5 342	5 348	-5.0	-1.2	0.1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	10 297	11 136	11 579	15.2	8.1	4.0
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	12 888	18 666	19 892	-8.3	44.8	6.6
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>3 687</b>	<b>4 688</b>	<b>4 887</b>	<b>-23.2</b>	<b>27.2</b>	<b>4.2</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>5 167</b>	<b>5 769</b>	<b>5 873</b>	<b>62.1</b>	<b>11.7</b>	<b>1.8</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>29 646</b>	<b>45 020</b>	<b>48 558</b>	<b>-4.0</b>	<b>51.9</b>	<b>7.9</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>420</b>	<b>592</b>	<b>673</b>	<b>27.2</b>	<b>40.9</b>	<b>13.6</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>37 569</b>	<b>23 904</b>	<b>21 629</b>	<b>35.2</b>	<b>-36.4</b>	<b>-9.5</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>469</b>	<b>19 559</b>	<b>657</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>307 358</b>	<b>337 017</b>	<b>323 821</b>	<b>-7.5</b>	<b>9.6</b>	<b>-3.9</b>

Skattar á vörur og þjónustu námu 131,5 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og drógust saman um 1,6% að krónutölu á milli ára. Innheimta tímabilsins er aðeins 0,3% undir

tekjuáætlun þrátt fyrir umtalsverð frávik á einstökum liðum. Þannig eru tekjur af vörugjöldum af bifreiðum rúmlega um 61% yfir áætlun á meðan flestir aðrir liðir veltuskatta eru talsvert undir áætlun. Ef lítið er til fjögurra mánaða meðaltals er uppsöfnuð lækkun 3,5% umfram verðlagsbreytingar og ef lítið er til tólf mánaða meðaltals nemur lækkunin 3,8% umfram verðbreytingar (sjá mynd). Við þessa útreikninga er stuðst við vísitölu neysliverðs án húsnæðis.

**Raubreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,  
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkningar hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur vegur þyngst meðal veltuskatta og námu tekjur af honum 83,5 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 5,7% samdráttur að nafnvirði miðað við sama tímabil í fyrra þegar hann nam 88,6 ma.kr. Samdrátturinn skýrist af greiðslufrestunarheimildum á virðisaukaskatti en þær valda því að tæpir 6 ma.kr. munu innheimtast í október sem annars hefðu innheimst í september. Á sama tíma síðasta árs voru slíkar frestunarheimildir ekki fyrir hendi. Aðrir veigamiklir liðir meðal óbeinna skatta eru vörugjöld af ökutækjum, bensíni og olíu, áfengisgjöld, tóbaksgjöld og bifreiðagjöld. Af þessum liðum hafa tekjur af vörugjöldum af ökutækjum aukist mest á milli ára eða um 71,8%, sem fyrr segir, og nema alls um 2 ma.kr. enda hefur nýskráningum bifreiða fjölgað verulega á milli ára. Athygli vekur að drjúgur hluti þessara bifreiða er skráður í notkunarflokkinn bifreiðaleiga.

Vörugjöld af bensíni og olíu námu samtals 13,9 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og hafa lítið breyst á milli ára. Þar af nema tekjur af olúgjaldi 4,7 ma.kr. og tekjur af vörugjöldum af bensíni 9,2 ma.kr. Sala á steinolíu hefur margfaldast á undanförunum árum vegna síhækkandi eldsneytisverðs en hún er í auknum mæli notuð á ökutæki í stað dísilolíu. Hingað til hefur ekki verið lagt olúgjald á steinolíu með sama hætti og á dísilolíu og því ljóst að ríkissjóður verður fyrir einhverju tekjutapi vegna aukinnar notkunar steinolíu í stað dísilolíu. Af þessum sökum er lagt til í frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum að olúgjald verði lagt

á steinolíu með sama hætti og á gas- og dísilolíu og áætlað er að tekjur ríkissjóðs aukist um 60 m.kr. á næsta ári vegna aðgerðarinnar.

Tekjur af tóbaksgjaldi námu 3,8 ma.kr. á tímabilinu sem er 7,7% aukning á milli ára en 0,7% undir tekjuáætlun fjárlaga. Með hliðsjón af tölum yfir tóbakssölu má áætla að heildarskattstofn tóbaksgjalds hafi dregist saman um 5-6% á milli ára. Þar af hefur sala reyktóbaks, vindlinga og vindla dregist saman á meðan sala neftóbaks hefur aukist umtalsvert. Tekjur af áfengisgjaldi námu 7,7 ma.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 2,2% aukning á milli ára og 2,6% undir tekjuáætlun. Tölur yfir áfengissölu benda til þess að skattstofn áfengisgjalds hafi dregist saman um 2,1% á milli ára. Við gerð fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir að sala á áfengi myndi aukast lítillega á milli ára í öllum helstu flokkum en tóbakssala myndi dragast saman um hátt í 4%.

**Greidd gjöld** námu 391,5 ma.kr. og drógust saman um 643 m.kr. frá fyrra ári, eða um 0,2%. Greidd gjöld voru yfir fjárheimildum tímabilsins um 6,4 ma.kr. eða 1,7%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

*Vaxtagjöld ríkissjóðs* drógust saman um 4,5 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 725 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 1,4 ma.kr. milli ára en voru 388 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála voru 8,2 ma.kr. hærrí en á sama tímabili 2010. Jafnframt voru þau 9,9 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld vegna Lífeyristrygginga jukust um 9,1 ma.kr. milli ára og voru jafnframt um 6,9 ma.kr. umfram heimildir. Þá jukust bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 1,4 ma.kr. milli ára. Greiddar vaxtabætur voru 7 ma.kr. hærrí en á fyrra ári sem skýrist að mestu með sérstakri vaxtaniðurgreiðslu að upphæð rúmlega 6 ma.kr. Á móti drógust útgjöld saman um 7,8 ma.kr. milli ára vegna flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þá voru greiddar barnabætur 1,5 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra, útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 524 m.kr. lægri og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 832 m.kr. lægri.

*Útgjöld til heilbrigðismála* jukust um 2 ma.kr. milli ára og voru 2,8 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala jukust um 673 m.kr. milli ára og voru 2,1 ma.kr. umfram heimildir ársins sem skýrist með uppsöfnuðum rekstrarhalla frá fyrri árum sem dregst frá heimildum ársins. Þá jukust útgjöld vegna Sjúkratrygginga um 493 m.kr. milli ára og voru 1,9 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála drógust saman milli ára um 3,4 ma.kr. og voru jafnframt 4,4 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Þar vegur þyngst að ýmsar framkvæmdir hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir. Til dæmis dragast útgjöld Vegagerðarinnar saman um 4 ma.kr. milli ára og eru jafnframt tæpan 1 ma.kr. innan heimilda. Þá dragast útgjöld vegna hafnarframkvæmda saman um 659 m.kr. á milli ára. Útgjöld til menntamála voru 2,1 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru jafnframt 1,5 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna drógust saman um 1,4 ma.kr. á milli ára en voru í takt við heimildir. Útgjöld Háskóla Íslands jukust lítillega á milli ára en voru 941 m.kr. innan heimilda á fyrstu 9 mánuðum ársins. Útgjöld til menningar-, íþróttá- og trúmála voru 281 m.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru 774 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 907 m.kr. milli ára á milli ára en voru 292 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Fjárfestingar Landhelgissjóðs dragast verulega saman milli ára en á árinu 2010 voru mikil útgjöld vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og nýju varðskipi. Útgjöld Ofanflóðasjóðs eru 526 m.kr. innan heimilda en aukast um 402 m.kr. milli ára. Útgjöld sérstaks saksóknara aukast um 346 m.kr. þrátt fyrir að vera 322 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til umhverfisverndar jukust lítilla milli ára eða um 44 m.kr. en voru 83 m.kr. innan áætlana. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 33 m.kr. milli ára en voru 123 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust saman um 193 m.kr. milli ára og voru 219 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Óregluleg útgjöld drógust saman um 2,7 ma.kr. milli ára en voru 1,2 ma.kr. yfir fjárheimildum. Þessi samdráttur skýrist að mestu með útgjöldum vegna Ríkisábyrgða sem voru gjaldfærðar þarna í fyrra en flokkast nú með vaxtagjöldum. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 533 m.kr. umfram fjárheimildir og greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs 639 m.kr. hærri en heimildir gerðu ráð fyrir.

### Gjöld ríkissjóðs janúar-september 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2009	2010	2011	2010	2011
Almenn opinber þjónusta	70,419	88,980	85,885	26.4	-3.5
þar af vaxtagreiðslur	36,636	56,235	51,725	53.5	-8.0
Varnarmál	1,202	1,120	1,087	-6.8	-3.0
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	16,575	13,277	14,184	-19.9	6.8
Efnahags- og atvinnumál	48,618	43,323	39,928	-10.9	-7.8
Umhverfisvernd	3,166	3,369	3,414	6.4	1.3
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	476	483	290	1.5	-40.0
Heilbrigðismál	85,303	82,723	84,703	-3.0	2.4
Menningar-, íþrótt- og trúmál	14,043	12,170	11,889	-13.3	-2.3
Menntamál	35,010	37,509	35,385	7.1	-5.7
Almannatryggingar og velferðarmál	100,255	97,950	106,191	-2.3	8.4
Óregluleg útgjöld	9,346	11,222	8,528	20.1	-24.0
<b>Gjöld alls</b>	<b>384,412</b>	<b>392,127</b>	<b>391,484</b>	<b>2.0</b>	<b>-0.2</b>

**Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs.** Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um tæpan 1,7 ma.kr. sem er 103,9 ma.kr. betri staða en á sama tíma í fyrra. Aðallega er um að ræða 58,5 ma.kr. lækkun á veittu gjaldeyrisforðaláni til Seðlabankans eftir að ríkissjóður keypti í maí upp samsvarandi skuldir vegna láns á gjalddaga síðar á þessu ári og uppgreiðslu gjaldeyrisforðaláns sem ríkissjóður veitti Seðlabanka 2008 .

Afborganir af lánum ríkissjóðs í lok 3. ársfjórðungs námu 143,7 ma.kr. Afborganir innlendra skulda námu 56,2 ma.kr. og er að stærstum hluta um að ræða flokk ríkisbréfa á gjalddaga í júlí að fjárhæð 53,4 ma.kr. Afborganir erlendra skulda námu tæplega 87,5 ma.kr. Aðallega

er um að ræða uppkaup ríkissjóðs í maí sl. fyrir 65,6 ma.kr. og uppgreiðslu á gjaldeyrisforðaláni sem tekið var 2008.

Lántökur námu 210 ma.kr. í lok 3. ársfjórðungs. Innlendar lántökur námu 85,5 ma.kr. Gefin hafa verið út ríkisverðbréf fyrir 103,7 milljarða en á móti lækkaði stofn ríkisvígla um 18,2 milljarða. Erlendar lántökur námu 124,5 ma.kr. Í júní gaf ríkissjóður út á erlendum mörkuðum skuldabréf að fjárhæð 1 ma.USD, að jafnvirði 116,3 ma.kr. Þá var endurmat gjaldeyrisreikninga í lok júní 8,2 ma.kr.